


launþegar og þeirra sem vinna sjálfstætt. Sjálfstætt starfandi læknar bera allan kostnað af tryggingunni meðan hinir vinna í skjóli ábyrgðar vinnuveitandans. Þótt áhrif þessarar mismununar séu sem stendur ekki endilega mikil kunna þau síðar að hafa mikil áhrif.

Í þættinum 60 mínútur sem sýndur var á Stöð 2 sunnudagskvöldið 16. mars sl. kom fram að bandarískir læknar eru í æ meira mæli farnir að velja sér sérgreinar þar sem hættan á læknamistöku er lítil. Ástæðan er sú að iðgjöld þeirra lækna sem stunda sérgreinar þar sem áhættan er meiri hefur á fáum árum margfaldast og er nú svo komið að rekstur margra þeirra stendur ekki undir kostnaði. Þessi þróun

hefur leitt til þess að farið er að bera á alvarlegum skorti lækna í þeim sérgreinum þar sem áhættan er talin meiri. Hefur þetta vandamál leitt til þess að í sumum ríkjum Bandaríkjanna hefur hámarksfjárhæð bóta verið lögfest og Bandaríkjaforsæti hefur beitt sér fyrir að svo verði gert víðar í því skyni að snúa þeirri þróun við sem byrjuð er.

Til að sporna strax við tilhneigingu til óæskilegrar þróunar hér á landi er nauðsynlegt að gera lækna jafnsetta hvað varðar iðgjaldgreiðslur og gera þeim sem sjálfir þurfa að kaupa sér tryggingar kleift að innheimta gjöldin af þeim sem eiga að njóta ávaxta af tryggingunum – þ.e. viðskiptavinunum.

Íslendingar greiða í heild 40-60% hærra verð fyrir lyf en nágrannaþjóðir



Ólafur Ólafsson

MIKLAR UMRÆÐUR hafa verið um dýrleika lyfja á Íslandi í samanburði við nágrannaþjóðirnar. Lítið gagn er að því að tala um einstök lyf til samanburðar eins og gert hefur verið. Menn leita langt yfir skammt. Nákvæmar upplýsingar hafa lengi verið til um heildarsölu lyfja og smásöluverð þeirra í tölfræðihandbókum Norðurlanda sem koma út árlega. Hér á eftir fylgja slíkar upplýsingar frá 1999.

Lyfjasala á Norðurlöndunum 1999

	Lyfjasala mæld í evrum á íbúa	Lyfjasala í dagsskömmun á 1000 íbúa
Ísland	429	880
Danmörk	269	900
Finnland	288	1050
Noregur	290	950
Svíþjóð	299	1150

Health statistics in the Nordic countries 1999.

Rétt er að geta þess að lyfjaverslanir á Íslandi kaupa lyf á rúmlega 10% hærra verði á pakkninguna en lyfjaverslanir á hinum Norðurlöndunum. Lyfjafyrirtækin flagga oft þessum tölum sem segja þó að eins hálfan sannleikann.

Á Íslandi er selt minnsta af lyfjum en smásöluverð er 40-60% hærra en meðal hinna Norðurlandaþjóðanna þegar á heildina er litið. Svipaðar tölur komu fram á árunum 1983-1998 sbr. sömu heimildir og í Fylgiriti landlæknis 1988 nr. 4. Við nánari athugun kemur í ljós að neysla geð-, róandi-, svefn- og sýkla-lyfja er einna hæst á Íslandi, en neysla annarra tegunda lyfja er einna minnst svo að heildarneysla er minnst hér á landi. Aðalorsökin er að heildarsölu- og smásöluálagning er langhæst hér á Íslandi. Menn geta kynnt sér þessar tölur betur í norrænum tölfræðibókum sem koma út árlega, en að þessum samanburði hefur verið unnið í áratugi.

Helstu leiðir til þess að lækka verð er að lækka heild- og smásöluálagninguna. Hæg eru heimatökin því nú eru það aðallega tveir aðilar sem sjá um smásölu. Freista þarf þess að taka þátt í útboðum með nágrannaþjóðum eins og Landsspítalameðmenn hafa bent á. Ennfremur mætti heilbrigðisráðherra huga betur að óskráðum lyfjum sem falla ekki undir verðlagsefirlit. En ljóst er af þessari samantekt að lyf eru úr hófi dýrari hér á landi í samanburði við nágrannalönd og kemur verst niður á veiku fólki, öryrkjum og öldruðum. Lyfjafyrirtæki hafa hingað til ekki getað hnekk þessum útreikningum en falið sig á bak við alls óskyldar upplýsingar.

Höfundur er fyrrverandi landlæknir.